

Dómstólasýslan
06 220

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

Bls.

| | |
|--|----------|
| Skýrsla og áritun formanns stjórnar og forstöðumanns | 2 |
| Yfirlit um afkomu ársins | 3 |
| Efnahagsreikningur | 4 |
| Sjóðstreyymisfirlit | 5 |
| Skýringar | 6 |

Dómstólasýslan
kt. 470717-1140
Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík

Skýrsla og áritun formanns stjórnar og forstöðumanns

Dómstólasýslan er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um dómstóla. Dómstólasýslan er sjálfstæð stjórnsýslustofnun sem annast sameiginlega stjórnsýslu dómstólanna. Dómstólasýslan tók til starfa með gildistöku nýrra laga um dómstóla nr. 50/2016 sem tóku gildi 1. janúar 2018.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavið 02 og málauflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 280,3 milljónir og afkoma kr. -8,3 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 21,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 93,4 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glöggja mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Dómstólasýslunnar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Formaður stjórnar og forstöðumaður staðfesta hér með ársreikning Dómstólasýslunnar fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Benedikt Bogason,
formaður stjórnar

Ólöf Finnsdóttir,
framkvæmdastjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2019

| | Skýr | 2019 | 2018 |
|--|------|--------------------|--------------------|
| Tekjur | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 270.300.000 | 292.700.000 |
| Seld þjónusta | 3 | 6.340.902 | 0 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 4 | 1.853.230 | 3.793.797 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | 1.811.727 | 452.090 |
| Tekjur samtals | | 280.305.859 | 296.945.887 |
| Gjöld | | | |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | 5 | 155.185.844 | 153.598.768 |
| Annar rekstrarkostnaður | 6 | 131.578.795 | 109.899.953 |
| Afskriftir | 7 | 1.811.727 | 452.090 |
| Gjöld samtals | | 288.576.366 | 263.950.811 |
| Afkoma fyrir fjármagnsliði | | | |
| | | (8.270.507) | 32.995.076 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | (77.456) | (157.602) |
| | | (77.456) | (157.602) |
| Afkoma ársins | | (8.347.963) | 32.837.474 |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

| | Skýr | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|------|-------------------|-------------------|
| Eignir | | | |
| Fastafjármunir | | | |
| Óefnislegar eignir, verk í vinnslu | 8 | 24.817.903 | 0 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 9 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | | 12.089.088 | 8.310.154 |
| Fastafjármunir samtals | | 36.906.991 | 8.310.154 |
| Veltufjármunir | | | |
| Viðskiptakrófur | | 986.335 | 0 |
| Tengdir aðilar | 10 | 55.543.647 | 53.348.348 |
| Veltufjármunir samtals | | 56.529.982 | 53.403.478 |
| Eignir samtals | | 93.436.973 | 61.713.632 |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | 11 | | |
| Hrein eign | | 20.967.246 | 29.900.961 |
| Eigið fé samtals | | 20.967.246 | 29.900.961 |
| Skuldir | | | |
| Tengdir aðilar | 10 | 0 | 1.110.167 |
| Viðskiptaskuldir | | 19.353.184 | 26.597.467 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 12 | 6.680.360 | 4.557.127 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | 13 | 46.436.183 | (452.090) |
| Skuldir samtals | | 72.469.727 | 31.812.671 |
| Eigið fé og skuldir samtals | | 93.436.973 | 61.713.632 |
| Aðrar upplýsingar | 14 | | |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstremisfirlit ársins 2019

| | Skýr | 2019 | 2018 |
|---|--------------------------------|--------------------------|----------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | (8.347.963) | 32.837.474 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstremi: | | | |
| Afskriftir | 7 | 1.811.727 (1.811.727) | 452.090 (452.090) |
| Tekjfærsla frestaðra tekna fyrri ára | | | |
| | | (8.347.963) | 32.837.474 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur | | (931.205) | (55.130) |
| Tengdir aðilar | | (3.305.466) | (53.762.153) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | (5.121.050) | 29.742.053 |
| | | (9.357.721) | (24.075.230) |
| | Handbært fé frá rekstri | (17.705.684) | 8.762.244 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | |
| Kaupverð óefnislegra eigna, verk í vinnslu | | (24.817.903) | 0 |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 9 | (5.590.661) | (8.762.244) |
| | | (30.408.564) | (8.762.244) |
| Fjármögnumnarhreyfingar | | | |
| Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt | | | |
| ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins | | (585.752) | 0 |
| Fjárfestingarframlag | | 48.700.000 | 0 |
| | | 48.114.248 | 0 |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | | |
| Handbært fé í byrjun árs | | 0 | 0 |
| | Handbært fé í árslok | 0 | 0 |

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstremisfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úrelandingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfæignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þær með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvæðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu. Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppségjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppségjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Skýringar

| | 2019 | 2018 | | |
|--|----------------------|---------------------|----------------------|----------------------|
| 2 Tekjfærsla fjárveitinga | | | | |
| Fjárveiting ársins | 270.300.000 | 292.700.000 | | |
| Tekjfærsla frestaðra tekna | <u>1.811.727</u> | <u>452.090</u> | | |
| | <u>272.111.727</u> | <u>293.152.090</u> | | |
| Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok: | | | | |
| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 290.300.000 | 0 | 0 | 290.300.000 |
| Fjáraukalög | <u>(20.000.000)</u> | <u>0</u> | <u>0</u> | <u>(20.000.000)</u> |
| Fjárveiting til tekna | 270.300.000 | 0 | 0 | 270.300.000 |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarrekningi að frádregnum sértekjum ... | <u>(278.647.963)</u> | <u>0</u> | <u>0</u> | <u>(278.647.963)</u> |
| Staða fjárveitinga ársins í lok árs | (8.347.963) | 0 | 0 | (8.347.963) |
| | 2019 | 2018 | | |
| 3 Seld þjónusta | | | | |
| Fræðslustarfsemi og fundir | <u>6.340.902</u> | <u>0</u> | | |
| | <u>6.340.902</u> | <u>0</u> | | |
| 4 Framlög og ýmsar tekjur | | | | |
| Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta | 0 | 3.750.000 | | |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir | 866.895 | 43.797 | | |
| Ýmsar tekjur | <u>986.335</u> | <u>0</u> | | |
| | <u>1.853.230</u> | <u>3.793.797</u> | | |
| 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | | | | |
| Laun | 128.897.569 | 125.610.285 | | |
| Orlof, breyting | 2.123.233 | 4.557.127 | | |
| Launatengd gjöld | 23.723.542 | 21.863.427 | | |
| Starfsmannakostnaður | <u>441.500</u> | <u>1.567.929</u> | | |
| | <u>155.185.844</u> | <u>153.598.768</u> | | |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 5,3 | 4,0 | | |

Skýringar

| | 2019 | 2018 |
|--|--------------------|--------------------|
| 6 Annar rekstrarkostnaður | | |
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 595.336 | 213.494 |
| Byggingarvörur, almennar | 10.245 | 322.990 |
| Byggingarvörur, aðrar | 195.593 | 6.988 |
| Tæki og búnaður til innrétinga | 0 | 16.770 |
| Ýmis tæki og áhöld | 1.746.188 | 449.654 |
| Orkugjafar | 40.570 | 5.000 |
| Matvæli | 1.016.306 | 640.036 |
| Almennar rekstrarvörur | <u>132.972</u> | <u>240.914</u> |
| Vörukaup, almenn | 3.737.210 | 1.895.846 |
| | | |
| Ýmsar sérgreindar vörur | 0 | 87.920 |
| Vörukaup, sérgreind | 0 | 87.920 |
| | | |
| Fundir, námskeið, risna | 10.272.558 | 1.358.082 |
| Ferðir, uppihald | 2.611.345 | 4.076.370 |
| Akstur | 495.269 | 680.468 |
| Sérfræðiþjónusta | 46.283.762 | 57.061.668 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 61.755 | 39.844 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 2.823.500 | 478.688 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | <u>1.117.397</u> | <u>157.957</u> |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 63.665.586 | 63.853.077 |
| | | |
| Afnotagjöld | 43.533.829 | 32.387.852 |
| Leigugjöld | 8.594.679 | 6.352.062 |
| Notkun véla og flutningatækja | 10.500 | 195.930 |
| Verkkaup | 8.507.507 | 1.982.667 |
| Kostnaðarhlutdeild | 2.028.032 | 3.010.558 |
| Opinber gjöld | 1.452 | 34.041 |
| Tilfærslur | <u>1.500.000</u> | <u>100.000</u> |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 64.175.999 | 44.063.110 |
| | | |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | <u>131.578.795</u> | <u>109.899.953</u> |
| | | |
| 7 Afskriftir | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 1.811.727 | 452.090 |
| | <u>1.811.727</u> | <u>452.090</u> |
| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
| 8 Óefnislegar eignir | | |
| Óefnislegar eignir, verk í vinnslu | 24.817.903 | 0 |
| | <u>24.817.903</u> | <u>0</u> |
| Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2019: | | Hugbúnaður |
| Stofnverð 1.1.2019 | 0 | 0 |
| Viðbót á árinu, verk í vinnslu | <u>24.817.903</u> | <u>24.817.903</u> |
| Staða 31.12.2019 | <u>24.817.903</u> | <u>24.817.903</u> |

Skýringar

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---|------------|------------|
| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 12.089.088 | 8.310.154 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

| | Áhöld, tæki og búnaður |
|---------------------------|---------------------------|
| Staða 1.1.2019 | 8.762.244 |
| Viðbætur á árinu | 5.590.661 |
| | 14.352.905 |
| Afskriftir 1.1.2019 | 452.090 |
| Afskrift ársins | 1.811.727 |
| | 2.263.817 |
| Staða 31.12.2019 | 12.089.088 |

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

| | | |
|---|------------|------------|
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 55.543.647 | 53.348.348 |
| | 55.543.647 | 53.348.348 |

Skuldir við tengda aðila:

| | | |
|---|---|-----------|
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 0 | 1.110.167 |
| | 0 | 1.110.167 |

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

| | | |
|--|-------------|-------------|
| Jöfnuður 1.1. | 29.900.961 | (2.936.513) |
| Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins | (585.752) | 0 |
| Afkoma ársins | (8.347.963) | 32.837.474 |
| Jöfnuður 31.12. | 20.967.246 | 29.900.961 |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 0,0 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum. Að öðru leyti er ráðstöfðun eigin fjár háð ákvæðum laga um opinber fjármál.

12 Ýmsar skammtímaskuldir

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|---------------------|------------|------------|
| Ógreitt orlof | 6.680.360 | 4.557.127 |
| | 6.680.360 | 4.557.127 |

Skýringar

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2019 | 31.12.2018 |
|--|---|------------------------------|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 36.906.991 | 8.310.154 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) | <u>9.529.192</u> | <u>(8.762.244)</u> |
| | <u>46.436.183</u> | <u>(452.090)</u> |
| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga- fjárveiting |
| Staða 1.1.2019 | 8.310.154 | (8.762.244) |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins | 0 | 48.700.000 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 5.590.661 | (5.590.661) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | 24.817.903 | (24.817.903) |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | <u>(1.811.727)</u> | <u>0</u> |
| | <u>36.906.991</u> | <u>9.529.192</u> |
| | | 46.436.183 |
| | Samtals frestaðar tekjur | |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 1,9 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samning um húsnæði til 31.03.2023, árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 8,6 milljónum. Stofnunin hefur einnig gert ýmsa rekstrar- og þjónustusamninga s.s rekstur vefja og rekstur málskráa, árlegar greiðslur vegna þeirra nema 33,3 m.kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.